



Stjórn SSH 388. fundur

Mánudaginn 8. apríl 2013 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Gunnar Einarsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Jón Gnarr Kristinsson, Ármann Kr. Ólafsson og Guðný Ívarsdóttir

Hrafnkell Á Proppé, svæðisskipulagsstjóri SSH og Dagur B. Eggertsson formaður framtíðarhóps SSH sátu einnig fundinn.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Málefni Sorpu bs.

Yfirferð yfir greiningu á mögulegu auknu samstarfi Sorpu bs. og Sorpstöðvar Suðurlands / formlegri aðkomu eigenda Sorpstöðvar Suðurlands að Sorpu bs.

Á fundinn mættu Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. og Guðmundur Tryggvi Ólafsson framkvæmdastjóri Sorpstöðvar Suðurlands og gerður grein fyrir stöðu vinnu við greiningu á máli. Fram kom að þeir reikna með að öll gögn sem liggja þurfa fyrir vegna ákvarðanatöku í málinu verði tilbúin fyrir lok þessa mánaðar.

Umræður

Niðurstaða:

Málið verður tekið aftur til umfjöllunar í stjórn þegar framangreindri vinnu við gagnaöflun er lokið.

2. Framtíðarhópur SSH

a) Eigendastefna fyrir byggðasamlögin SORPU bs og Strætó bs.

Fyrir lágu lokadrög framtíðarhóps að eigendastefnu fyrir byggðasamlögin. Formaður framtíðarhóps gerði grein fyrir niðurstöðu vinnu hópsins eftir umfjöllun um eigendastefnuna á síðasta aðalfundi SSH og helstu breytingum sem gerðar hafa verið í kjölfar innkominna ábendinga og athugasemda.

Umræður



Niðurstaða

Stjórn SSH samþykkir að fyrirbyggjandi lokadrög verði send aðildarsveitarfélögunum sem tillaga að eigendastefnu fyrri byggðasamlögin og að óskað eftir staðfestingu aðildarveitar-félaganna.

b) Sóknaráætlun 2013 fyrir höfuðborgarsvæðið

Fyrir lá undirritaður samningur milli SSH og fjármálaráðuneytisins vegna fjármögunar og framkvæmdar sóknaráætlunar 2013 fyrir höfuðborgarsvæðið, ásamt verkefnatillögu framtíðarhóps og minnisblaði formanns framtíðarhóps um verklag við framkvæmd verkefnatillögunnar.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkir að unnið verði að framkvæmd verkefna v. sóknaráætlunar 2013 í samræmi við tillögu framtíðarhóps, sbr. minnisblað formanns.

3. Fjölsmiðjan – endurnýjun á þjónustusamningi

Framkvæmdastjóri og formaður greindu frá stöðu máls. Unnið er að öflun upplýsinga úr ársreikningum Fjölsmiðjunnar, og reiknað er með að unnt verði að ljúka gerð tillögu að nýjum þjónustusamningi fyrir sumarleyfi.

4. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Eftirfarandi gögn lágu fyrir fundinum:

- a) Ársreikningur skíðasvæðanna fyrir árið 2012 ásamt fylgibréfi stjórnar skíðasvæðanna þar sem vakin er athygli á neikvæðri rekstrarniðurstöðu ársins.
Reikningurinn lagður fram.
- b) Bráðabirgðarekstraryfirlit fyrsta ársfjórðungs 2013.
Lagt fram
- c) Ný tillaga að framkvæmdaáætlun skíðasvæðanna fyrir árið 2013, sbr. bókun á 384.stjórnarfundi SSH, 10. desember 2012.
Afgreiðslu frestað til næsta stjórnarfundar.

5. Byggðasamlögin – sameiginlegt útboð á ytri endurskoðun.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga:

„Stjórn SSH leggur til að byggðasamlögin taki þátt í sameiginlegu útboði samstæðu Reykjavíkurborgar á endurskoðunarþjónustu með það að markmiði að auka gæði og öryggi endurskoðunarþjónustu félagsins enn frekar og lækka kostnað. Fari svo að byggðasamlögin verði fyrir kostnaðarauka vegna útboðsins en samstæða Reykjavíkurborgar hljóti að sama skapi ábata af því telur stjórnin eðlilegt að byggðasamlögin óski eftir viðbótarframlagi frá Reykjavíkurborg vegna þess kostnaðarauka“.

Tillagan samþykkt



6. Önnur mál.

a) Öryggismál á sundstöðum

HS vakti máls á reglum um öryggismál á sundstöðum og vandkvæðum sem upp hafa komið vegna framfylgdar á ákvæðum reglanna
Samþykkt að óska eftir skoðun og mati lögfræðisviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga á málinu

b) Reykjanesfólkvangur

Rætt um úrvinnslu máls í framhaldi af bókun GÁG á síðasta fundi vegna fyrirhugaðrar úrsagnar Grindavíkurbæjar úr samstarfi um Reykjanesfólkvang.
Framkvæmdastjóri upplýsti um samtal við bæjarstjóra Grindavíkur, og að fyrir lægi að boða til sameiginlegs fundar framkvæmdastjóra sveitarfélaga sem eiga aðild að Reykjanesfólkvangi vegna málsins.

c) Erindi Samkeppniseftirlitsins vegna blátunnu.

GÁG vakti athygli á málinu.
Framkvæmdastjóra, í samræði við Rvk.borg, falið að leggja drög að sameiginlegu svari sveitarfélaganna.

d) Skíðasamband Íslands

Erindi Skíðasambands Íslands, beiðni um sameiginlegan fund með framkvæmdastjórum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um aðstöðu til skíðaiðkunar.
Framkvæmdastjóra falið að koma á sameiginlegum fundi.

e) Ný umferðarlög

Borgarstjóri vakti máls á þeim vandræðum sem skapast hafa vegna seinagangs Alþingis við afgreiðslu á nýjum umferðarlögum.
Samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri skoði með hvaða hætti hægt er að knýja á um lyktir máls.